



Fjarskiptastofa,  
Suðurlandsbraut 4  
108 Reykjavík

Reykjavík 21. janúar 2022

Efni: Beiðni um tímabundna tíðniúthlutun

Sýn hf. (Vodafone eða félagið) fer hér með þess á leit að fá útgefna tímabundna tíðniheimild til notkuna fyrir farnetsþjónustu á 3,6 GHz tíðnisviðinu í viðskiptalegum tilgangi.

Sem kunnugt er rann fyrri 5G tíðniheimild út sl. áramót. Tafir urðu á uppbyggingu 5G neta og sem stendur er félagið einungis með senda á Siglufirði og í Reykjavík á grundvelli tilraunaleyfis. Ástæður fyrir töfum á fyrri uppbyggingaráformum eru margþættar, en þar má einkum nefna óvissu í tengslum við þær takmarkanir sem löggjafinn kann að setja í lög við því að nota búnað frá Huawei, sem er einn af birgjum félagsins. Á tímum heimsfaraldurs er auk þess ekki auðvelt að fá staðfesta afhendingu á búnaði, hvort sem það er sendabúnaður fyrir fjarskiptakerfi eða endabúnaður fyrir viðskiptavini.

Vodafone hefur hins vegar nú sett í gang tímasetta uppbyggingaráætlun, sem er meðfylgjandi. Á grundvelli hennar er ætlunin að aðgengi landsmanna verði allt annað að háhraða þjónustu. Áætlunin er tvíþætt. Annars vegar eigin uppbygging og hins vegar sk. „opt in“ á sendastaði sem Nova byggir upp. Með eigin uppbyggingu er ætlunin að útvíkka kerfið verulega og ná til byggðakjarna sem hvorki Síminn né Nova hafa byggt upp. Eins og uppbyggingaráætlunin gefur til kynna verða smærri byggðafélög á landsbyggðinni mun fyrir 5G tengd en ella hefði verið.

Með því að rýna uppbyggingaráform fram til loka 1. árfjórðungs 2023 er ljóst að Vodafone mun tengja mun fleiri byggðarkjarna út frá núverandi forsendum en nokkur annar. Félagið er reiðubúið að skuldbinda sig til að tengja hið minnsta 10 byggðakjarna á lista sem telur um 30. Í stað þess að lofa þremur stöðum (sem var viðmiðið í fyrri tíðniheimild) erum við að miða við a.m.k. 10 byggðakjarna.

Þá mun þjónustusvæði 5G þjónustu að lágmarki ná til 25% landsmanna.

Hin tímasetta uppbyggingaráætlun er með fyrirvara um að áform um hvaða landshlutar og byggðakjarnar verða fyrir valinu kunna að taka breytingum. Einnig verður að gera fyrirvara vegna ytri atvika á borð við afhendingu á búnaði og aðra ytri þætti sem Vodafone ræður ekki yfir.



Sýn hf. • Suðurlandsbraut 8 • 108 Reykjavík • Kt. 4709051740 • syn.is



Fyrir liggur að tíðniheimildir Nova og Símans hafa nú verið framlengdar loka fyrsta ársfjórðungs 2023. Í þeim er ekki að finna neinar frekari kvaðir um uppbyggingu en þegar hefur farið fram af þeirra hálfu. Uppbyggingaráætlun Vodafone, sem er meðfylgjandi, er mun metnaðarfullri. Með því að veita tímabundna heimild með sama gildistíma og Nova og Síminn hafa fengið úthlutað verður hagsmunum keppinauta Vodafone í engu raskað. Þvert á móti er Vodafone reiðubúið í ríkari skuldbindingar en keppinautar. Því er ekki um að ræða að brotið sé gegn jafnræðisreglu stjórnsýslulaga eða öðrum hagsmunum hvað keppinautana varðar.

Fjarskiptastofa hefur því málefnalegar forsendur til að verða við beiðni Vodafone. Auk þess stuðlar útgáfa Fjarskiptastofu á umbeðinni tímabundinni tíðniheimild að samkeppni á sviði 5G þjónustu og ýtir undir hagnýta notkun tíðna, sbr. 6. gr. laga um Fjarskiptastofu nr. 75/2021. Er þess því farið á leit að málsmeðferð vegna þessarar beiðni um tímabundna tíðniúthlutun verði hraðað eftir föngum.

Virðingarfyllst,

f.h. Sýnar hf.



Páll Ásgrímsson, lögmaður

Meðfylgjandi:

Uppbyggingaráætlun Vodafone (trúnaðarmál)

